

6. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolti.

2. gr.

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þriðju grein laga nr. 50, 31. maí 1927 var svo ákveðið, að þau iðnaðarfyrtæki, sem stofnsett voru fyrir 1. jan. 1927 og ráku vörugerð sem féll undir c og d-lið laganna skyldu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta árlegrar framleiðslu sinnar, sem samsvari allri árlegri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færðist niður í $\frac{1}{6}$ hluta aðflutningsgjaldsins.

Með lögum nr. 42, 8. sept. 1931 var samskonar ívilnun veitt samkynja iðnaðarfyrtækjum, er stofnuð hafa verið eftir 1. jan. 1927, þannig, að þessi ívilnun nam sama hlutfalli, miðað við ársframleiðsluna og ívilnunin nam fyrir eldri samkynja fyrtæki.

Með því að iðnaðarfyrtæki þau, sem hér um ræðir, hafa nú komið undir sig fótum, og virðast dafna vel, enda njóta þau ýmiss stuðnings ríkisvaldsins, þykir ekki ástæða til að hlífa framleiðsluvörum þeirra við tollaálagningu og einnig með tilliti til þess að hér er ekki um nauðsynjavarning að ræða. Myndi þetta afla ríkissjóði nokkurra tekna.